

REGLUGERÐ**103**

29. sept.

fyrir vélskólann í Reykjavík.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 71, 23. júní 1936, um kennslu í vélfræði, er hér með sett eftirfarandi reglugerð fyrir vélskólann í Reykjavík.

I. KAFLI**Um inntökuskilyrði, kennslu o. fl.****1. gr.**

Markmið skólans er að búa nemendur undir hið minna vélstjórapróf, hið meira vélstjórapróf, rafmagnspróf fyrir vélstjóra og rafmagnspróf fyrir rafvirkja.

Skólinn starfar í þrem deildum:

1. Minni vélstjóradeild.
2. Meiri vélstjóradeild.
3. Rafmagnsdeild fyrir vélstjóra og rafvirkja.

Skólaárið byrjar 1. október og endar 30. september.

2. gr.**1. Inntökuskilyrði í minni vélstjóradeild:**

- a. Að nemandinn hafi staðizt inntökupróf í deildina samkvæmt reglugerð skólans,
- b. að hann hafi eftir 16 ára aldur stundað nám á vélaverkstæði, sem rétt hefir til þess að kenna vélnemum, 3 ár eða verið vélstjóri með undanþágu á eimskipi með meira en 50 hestafla vél 3 ár, áður en lög þessi öðlast gildi,
- c. að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans,
- d. að hann hafi óskert mannorð,
- e. að hann kunni sund.

2. Inntökuskilyrði í meiri vélstjóradeild:

- a. Að nemandinn hafi staðizt inntökupróf í deildina eða fullnaðarpróf við iðnskólann í Reykjavík eða annan jafngildan eða æðri skóla í þeim greinum, sem þarf til undirbúnings skólanámsins,
- b. að hann hafi eftir 16 ára aldur stundað nám 4 ár á vélaverkstæði, sem réttindi hefir til að kenna vélnemum,
- c. að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans.

103

29. sept.

- d. að hann hafi óskert mannorð,
- e. að hann kunni sund.
3. Inntökuskilyrði í 1. bekk rafmagnsfræðideildar:
 - a. Að nemandinn hafi staðizt inntökupróf í deildina eða fullnaðarpróf við iðnskólann í Reykjavík eða annan jafngildan skóla eða æðri í þeim greinum, sem nauðsynlegar eru til undirbúnings skólanámsins,
 - b. að hann hafi eftir 16 ára aldur stundað rafvirkja- eða rafvélavirkjanám 4 ár hjá rafvirkja- eða rafvélavirkjameistara, sem réttindi hefir til að kenna þá iðn,
 - c. að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans,
 - d. Að hann hafi óskert mannorð.
4. Inntökuskilyrði í 2. bekk rafmagnsfræðideildar:
 - a. Að nemandinn hafi staðizt 1. bekkjar próf deildarinnar eða hið meira vélstjórapróf skólans,
 - b. að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem geti orðið honum til tálmunar við starf hans,
 - c. að hann hafi óskert mannorð.

3. gr.

Beiðni um inngöngu í vélskólann sendist formanni skólans. Það skal vera eiginhandarumsóknarskjal, stílað til stjórnarráðsins. Inntökubeiðninni skulu fylgja vottorð um þau skilyrði, sem talin eru í 2. gr.

Forstöðumaður sendir stjórnarráðinu inntökubeiðnirnar og skýrir jafnframt stjórnarráðinu frá því, hvort áskilin vottorð umsækjanda séu til hans komin í lagi.

4. gr.

Þessi skulu vera lögboðin leyfi:

1. Jólaleyfi, er nær frá 23. degi desember til 4. dags janúarmánaðar, að báðum dögum meðtöldum. Beri 4. janúar upp á sunnudag, skal kennslan byrja næsta þriðjudag á eftir.
2. Páskaleyfi, er nær frá miðvikudegi fyrir skírdag og til 3. í páskum, að báðum þessum dögum meðtöldum.
3. Sumardagurinn fyrsti, öskudagur og 1. desember.
4. Sumarleyfi er frá afloknu burtfararprófi til 30. september.
5. Mánaðarleyfi: Í þeim mánuðum, er enginn af ofangreindum leyfisdögum er í, getur skólastjóri veitt eins dags leyfi.
6. Á milli hverra samliggjandi kennslustunda skal vera 10 mínútna hlé. Matmálstími er frá 12 til 13,10.

5. gr.

Reglusemi:

1. Lærisveinarnir skulu vera komnir í skólann á hverjum degi, áður en kennslustundir byrja.

2. Geti lærisveinn eigi sótt kennslustund sakir veikinda eða af öðrum ástæðum, ber að tilkynna forstöðumanni skólans það. 103
29. sept.

Geti lærisveinninn ekki vegna veikinda sótt kennslustundir tvo daga, ber að tilkynna forstöðumanni það skriflega og færa ástæður fyrir.

3. Í frímínútum má enginn hávaði eiga sér stað í kennslustofunum.
4. Tóbaksreykingar eru stranglega bannaðar alstaðar í skólanum.
5. Lærisveinar skulu fara vel með muni skólans og áhöld. Skemmist eða glatist nokkuð af munum eða áhöldum skólans fyrir vangá eða kæruleysi þeirra, skulu þeir greiða fullar bætur fyrir.
6. Lærisveinar mega ekki fara út í kennslustund án leyfis hlutaðeigandi kennara eða forstöðumanns.
7. Skipti lærisveinn um bústað, ber honum að tilkynna forstöðumanni skólans það.
8. Skyldur er nemandi að hlýða sérhverjum þeim reglum og fyrirskipunum, sem með samþykki ráðuneytisins kunna að verða settar til að styðja reglu og aga í skólanum.
9. Brjótí nemandi gegn góðri reglu og velsæmi eða sýni ókurteisi eða óhlýðni eða sé óreglusamur, svo að skólaveri hans teljist skaðleg fyrir skólann eða aðra nemendur skólans eða gagnslaust fyrir lærisveinin sjálfan, má vísa honum burt úr skólanum um stundarsakir eða fyrir fullt og allt, ef það telst nauðsynlegt. Skal til þess fengið leyfi kennslumálaráðuneytisins.

6. gr.

Forstöðumaður skólans skal hafa á hendi alla umsjón með honum, annast útvegum á öllu því, er skólinn þarfnast. Hann skal og ráða aðstoðarkennara og stundakennara í samráði við kennslumálaráðuneytið, skipa fyrir um fyrirkomulag kennslunnar og semja stundatöflu, er stjórnarráðið samþykkir fyrir hvert skólaár.

7. gr.

Öll nauðsynleg áhöld, sem nota þarf við kennsluna í skólanum, leggur skólinn til, en sjálfir skulu lærisveinar kosta bækur þær og áhöld, sem þeir þurfa við námið.

8. gr.

Forstöðumaður skal rita í bók, sem til þess verður útveguð, nöfn, fæðingarsstað og dag og ár þeirra lærisveina, sem koma í skólann. Í bókinni skal og geta þeirra, sem próf taka, og prófeinkunna þeirra; ennfremur skal og geta þess, hvenær þeir fara úr skólanum, er fara kynnu úr honum af einhverjum ástæðum án þess að ljúka burtfararprófi. Bók þessi skal ávallt geymd í vél-skólanum.

9. gr.

Að afloknum prófum skal forstöðumaður senda stjórnarráðinu greinilega skýrslu um kennsluna og prófið, ennfremur leggja fram reikninga með fylgiskjölum.

10. gr.

Kennslustundir á viku hverri skulu vera, sem hér segir:

Námsgreinir	Minni vélstjóra- deild	Meiri vélstjóra- Fyrri vetur	Síðari vetur	Rafmagnsdeild Fyrri vetur	Síðari vetur
Íslenzka	6	5	3	5	0
Danska	0	3	2	3	0
Enska	0	3	2	0	0
Þýzka	0	3	2	4	2
Stærðfræði	8	8	6	9	0
Eðlisfræði	4	4	4	6	0
Eimvélafræði	11	3	6	4	2
Mótorfræði	1	3	6		
Burðarþolsfræði	0	0	1	0	0
Vélateikning	0	3	3	4	0
Rafmagnsteikning	0	0	0	0	4
Hjúkrunarfræði	0	1	1	0	0
Bókhald og viðskiptafræði	0	1	1	2	0
Líkamsæfingar	0	1	1	1	1
Bókleg rafmagnsfræði	0	0	0	0	18
Verklegrafmagnsfræði	0	0	0	0	6
Efnis- og áhaldafraði	0	0	0	0	2
Ljósfræði	0	0	0	0	2
Reglur, öryggis- og hjúkrunarfr.	0	0	0	0	1
Samtals	30	38	38	38	38

II. KAFLI

Um prófin.

11. gr.

Prófin skulu haldin í skólanum, og eru þau opinber.

Inntökupróf í byrjun október ár hvert.

Hið minna vélstjórpróf síðustu daga janúarmánaðar ár hvert.

Hið meira vélstjórpróf, áður en sumarleyfi byrjar ár hvert.

Próf í rafmagnsfræði, áður en sumarleyfi byrjar ár hvert.

Inntökupróf í hina minni vélstjóradeild skal haldið í íslenzku og reikningi, og þarf til þess að standast það:

í íslenzku að geta skrifað eftir upplestri (diktat) ritvillulítið,

í reikningi að þekkja hinar 4 algengu reikningsaðferðir með heilum tölum og að þekkja metrakerfið.

Önnur inntökupróf í skólann skulu jafngilda iðnskólaprófi að teikningu undanskilinni.

12. gr.

103

29. sept.

Sá, sem óskar að ganga undir próf, skal senda umsókn um það til forstöðumanns skólans, stílaða til kennslumálaráðuneytisins. Sé hann eigi lærisveinn skólans, skal umsóknin vera komin til forstöðumanns skólans eigi síðar en tveim mánuðum fyrir próf, og skulu fylgja beiðninni vottorð um, að hann uppfylli kröfur þær, sem settar eru í 2. gr. um inntöku í þá deild, sem um er að ræða, og auk þess vottorð um þann undirbúning, sem hann hefir fengið. Hafi hann gengið undir próf áður í sömu greinum, skal þess getið í umsókninni.

13. gr.

Á tilteknum degi og stundu skulu prófsveinar mæta í prófstofunum og hafa með sér öll nauðsynleg teikniáhöld, skriffæri, mælistiku og logaritmatöflu. Hver prófsveinn dregur í byrjun prófsins sitt tölunúmer, sem hann hefir, meðan prófið stendur yfir.

14. gr.

Prófin eru bæði skrifleg og munnleg og burtfararpróf í rafmagnsfræðideild einnig verklegt. Þau skulu haldin af prófnefnd, sem kennslumálaráðuneytið skipar í hvert skipti. Skulu í henni vera forstöðumaður skólans og tveir aðrir. Skal annar þeirra hafa æðri vélfræðilega þekkingu, og skal hann vera formaður prófnefndar; hinn skal vera vélstjóri, sem siglt hefir sem yfirvélstjóri á verzlunarskipum eða varðskipum ríkisins.

Auk þess skipar ráðuneytið tvo menn prófnefndinni til aðstoðar, annan til þess að dæma um kunnáttu prófsveina í tungumálum, en hinn til þess að dæma um kunnáttu þeirra í rafmagnsfræði. Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf.

15. gr.

Hinir skipuðu prófdómendur tiltaka prófverkefnin.

Verkefni til hins skriflega prófs skulu þeir afhenda í lokuðu umslagi í byrjun hvers úrlausnartíma.

Kennarinn í hverri grein heldur hið munnlega próf og dæmi um kunnáttu prófsveina, hver í sinni grein, ásamt hinum skipuðu prófdómöndum.

16. gr.

Hin skriflegu verkefni skulu lögð fram til athugunar á prófnefndarfundi fyrir prófið. Sama verkefni fá allir þeir prófsveinar, sem á sama degi eru í sama úrlausnartíma. Þetta gildir þó ekki um verkefni í vélateikningu.

Hvert verkefni að undanskilinni teikningu og stílum skal innihalda tvö eða fleiri minni dæmi í sömu fræðigrein.

Á verkefnisseðlunum sé tekið fram, hve langur tími sé veittur til að svara. Verkefnin skulu undirrituð af prófnefndinni.

Efst á uppkasts- og hreinskriftarpappír þeim, sem notaður er við skriflegu verkefnin, skrifar prófsveinn nafn sitt og tölunúmer, einnig númer verkefnisins.

103
29. sept.

Aðeins þann pappír, sem stimplaður er með stimpli vélskólans, má nota. Hinar hreinskrifuðu úrlausnir verða að vera skýrt skrifaðar og undirskrifaðar af prófsveini, áður en hann afhendir þær, en eftirlitsmaðurinn ritar á þær, hve nær afhendingin fór fram.

Úrlausn verkefnisins verður dæmd eftir hinu hreinskrifaða skjali; á það verður að skrifa allan útreikning til skýringar á verkefninu.

Þær teikningar, sem heimtaðar verða, skulu vandlega gerðar, og ef þörf þykir, skal þeim fylgja stutt lýsing.

Án sérstaks leyfis mega prófsveinar ekki hafa kennslubækur eða önnur slík hjálpartæki með sér inn í prófstofuna.

17. gr.

Munnlegu spurningarnar skulu tilteknar af hinum skipuðu prófdómöndum í samráði við hlutaðeigandi kennara og skrifaðar á seðla tveimur fleiri en prófsveinar eru.

Hver prófsveinn dregur sínar spurningar eftir röð.

18. gr.

Nú þykir prófsveini eitthvað ógreinilegt í verkefninu, og getur hann þá snúið sér til eftirlitsmanna.

Áliti prófsveinn, að fyrir hann sé lagt verkefni, sem eigi má krefjast til prófsins, þá skal hann því viðvíkjandi snúa sér til þess manns, er prófar, eða til einhvers úr prófnefndinni.

19. gr.

Prófsveinar skulu mæta stundvíslega á tiltekinni stundu, er auglýst verður á próftöflu, er fest sé upp í prófstofunni.

Mæti prófsveinn ekki á réttum tíma eða fari án leyfis úr þeim stað, er honum var vísað til, má vísa honum burt frá prófinu.

Í prófstofunni mega prófsveinar ekki tala saman.

Sannist það, að prófsveinn reyni að fá hjálp eða hjálpi öðrum, skal honum vísað frá prófi, og skal þá svo álitid, sem hann hafi eigi staðizt prófið.

Gangi prófsveinn frá prófi og kenni sjúkleik um, en sannar síðan með lækni-
isvottorði, að hann hafi verið forfallaður, þá ber að líta svo á, sem hann hafi eigi gengið undir prófið; þó má prófa hann sérstaklega síðar í prófinu, jafnskjótt og því verður við komið, og eru þá fyrri svör hans við verkefnum fullgild.

Geti hann þar á móti ekki sannað, að hann hafi haft fullgilda ástæðu fyrir brottveru sinni frá prófinu, skal álitid, sem hann hafi eigi staðizt prófið.

20. gr.

Sannist það fyrir oddvita prófnefndarinnar, að prófsveinninn hafi hegðað sér ósæmilega við prófið, getur oddviti rekið hann frá því.

21. gr.

103

29. sept.

Við skriflega prófið mega engar teikningar, myndamót eða önnur kennslu-áhöld vera í prófstofunni, og aðeins prófdómendur eða þeir eftirlitsmenn, sem aðstoða þá, mega ganga um eða vera í prófstofunum í úrlausnarstundunum.

Að lokinni úrlausn skriflegra verkefna, mega prófsveinar eigi vera inni í prófstofunni.

Við munnlegt próf má aðeins sá prófsveinn, sem verið er að prófa, vera í prófstofunni.

Verði eitthvað af tækjum skólans eða eiganda prófstofunnar fyrir skemmdum af völdum prófsveins, ber honum að greiða fullar skaðabætur fyrir eftir mati oddvita prófnefndar.

22. gr.

Tveir listar yfir hinar gefnu einkunnir við prófin skulu skrifaðir af prófnefndinni; aðallistinn skal undirskrifaður af prófnefndinni að afloknu prófi; afritið skal, eftir að prófdómendurnir hafa komið sér saman um einkunnirnar, fest upp á einhverjum þeim stað, er prófsveinar geta séð einkunnir sínar.

Að afloknu prófi skrifa prófdómendur hinar gefnu einkunnir, er hver prófsveinn hefir hlotið, í þar til gerða prófbók, er geymd skal í stjórnarráðinu, en vélskólinn fær afrit af henni, er geymt skal í skólanum.

Í þessa prófbók skal skrifa nöfn prófsveina, fæðingarstað og dag og ár, einnig hin skriflegu verkefni.

Prófbókin skal undirrituð af prófnefndinni.

23. gr.

Til hins minna vélstjóraprófs þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega og nokkurn veginn rétt. Lesið sæmilega og kunna skil á helztu atriðum málfræðinnar.
2. Í stærðfræði: Þekking á hinum fjórum algengu reikningstegundum með heilum tölum, brotum og tugabrotum, ennfremur einfaldri þríliðu og grundvallaratriðum flatarmálsfræðinnar; ennfremur í rúmmálsfræði að geta reiknað út ferstrending og sívalning.
3. Í eðlisfræði: Þekking á lögmálum loftkenndra efna, þrýstingi og þrýstimælum, eðlisþyngd, dælum, seltumælum, hita, hitamælum, útpenslu hluta við hita, bræðslu, uppgufun, suðu, eiginleikum vatnsgufunnar, einföldum vélum, svo sem vogarstöng, skráfu, fleyg, dragreipi o. s. frv., rafmagni og segulmagni.
4. Í vélfræði: Þekking á eimvélum í skipum og á landi, einstökum hlutum þeirra, samsetningu og efni, eimkötlum, smíði þeirra og efni, hirðingu eimvéla og katla, hestöflum eimvéla, eldsneyti og eldsneytiseyðslu, stillingu vélanna, viðhaldi og eftirliti, hjálparvélum skips og vélar, slökkvitækjum og lagaákvæðum um skoðun og eftirlit skipa, aðalpörtum skips og skiptingu

þess í vatnspétt hólfi, ryði og tæringum og vörnum gegn því, grundvallaratriði mótorá með tilliti til mótorá í bjargbátum.

24. gr.

Til hins meira vélstjóraprófs þarf:

1. Í íslenzku: Að geta gert íslenzkan stíl um almennt efni, skrifað sæmilega rithönd skýrt og nokkurn veginn rétt.

Að geta lesið kafla úr íslenzkri bók og endursegja hann og skýra helztu málfræðiatríðin, sem fyrir koma í honum.

2. Í dönsku: Að geta lesið upp og þýtt kafla úr danskri bók, vélfræðilegs efnis.
3. Í ensku: Sama kunnátta sem í dönsku.
4. Í þýzku: Sama kunnátta sem í dönsku.
5. Í stærðfræði:

- a. Í reikningi: Að kunna hinar 4 algengu reikningsaðferðir með heilum tölum, brotum og tugabrotum, bæði með tölum og bókstöfum, þriliðu, prósentu- og rentureikning, veldi, rót og logaritma, að geta leyst líkingar af fyrstu gráðu með einni og tveim óþekktum stærðum.

- b. Í flatarmálsfræði: Þekking á afstöðu beinna lína hvorrar til annarar, hringum, hornum, marghyrningum, á reglum um hliðar og horn þríhyrninga og samsíðunga, á samfalla og einslaga þríhyrningum, rétt-hyrndum þríhyrningum, útreikningi flatarmáls og hinu réttthyrnda koordinat-kerfi. Enn fremur að geta gert einfaldar flatarmálsteikningar og þekkja almenn hjálpartæki til þess.

- c. Í rúmmálsfræði: Þekking á afstöðu beinnar línu til flata og flata hvors til annars, þristrændingi, strýtu, sívalningi, keilu, kúlu og á þeim línunum, sem myndast á yfirborði þessara hluta við beinan gegnumskurð. Enn fremur þekking á flatarmáli og yfirborði þessara hluta og rúmtaki þeirra.

- d. Í þríhyrningafræði: Þekking á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar.

6. Í eðlisfræði: Þekking á hinum almennu eðlisfræðilegu eiginleikum hlutanna, hreyfingu og jafnvægi fastra, fljótandi og loftkenndra hluta, samsetningu og sundurliðun afla, vinnu og afli, þrýstingi og þrýstímælum, eðlisþyngd, seltumælum, dælum, einföldum vélum, svo sem vogarstöng, skráfu, fleyg, skáborði, dragreipi o. s. frv., enn fremur á helztu lögmálum hitafræðinnar, hita og dreifingu hans, útpenslu hlutanna við hita, hitamælum, hitamagni, bræðslu, uppgufun, eiginleikum vatnsgufunnar, suðu, eldsneyti og brennslu, segulmagni, rafmagni og styrkleika efnanna. Ennfremur þekking á almennri hljóðfræði og ljósfræði.

7. Í vélfræði:

- a. Í eimvélafræði: Þekking á eimvélum í skipum og á landi, einstökum hlutum þeirra og samsetningu, eimkötlum og öðrum tækjum, er þeim fylgja, hirðingu eimvéla og eimkatla, viðhaldi þeirra og eftirliti, smíði og efni eimvéla og eimkatla, vélbilun, ketilbilun og sprengingu, aflmælislinum og

þeim niðurstöðum, sem af þeim má draga, hestöflum einvéla, stillingu vélanna, eldsneytiseyðslu, þekking á hjálparvélum skips og vélar (stýrisvél, ljósvél, kælivél, vindum, dælum o. s. frv.), þekking á byggingu skips og skiptingu þess í vatnspétt hólf, skipsdælum, slökkvitækjum og lagaákvæðum um skoðun og eftirlit skipa, ryði og tæringum og vörnum gegn því.

103
29. sept.

- b. Í mótórfræði: Þekking á mótörum í skipum og á landi, einkum diesel-mótörum, á smíði þeirra og efni, viðhaldi, eftirliti, hirðingu og stjórn, gangtruflunum og lagfæringum þeirra, aflmælislinum og þeim niðurstöðum, sem af þeim má draga, stillingu mótora, hestöflum mótora og notagildi, hitafræðilegum grundvallaratriðum, þjöppun og útpenslu, skolun og forhleðslu, blöndun hleðslunnar og brennslu, eldsneyti og eldsneytiseyðslu, hjálparvélum mótora og skips (ljósvél, kælivél, stýrisvél, vindum, dælum, loftþjöppun o. s. frv.), smurningu mótora og smurningsháttum, hömlum mótora og öðrum mótorraunum og þekkingu á lagaákvæði um skoðun og eftirlit mótorskipa.
- c. Í burðarþolsfræði: Þekking á grundvallaratriðum um styrkleika efnis þess, sem notað er í vélar og katla, og byrjunarreglum um útreikning á styrkleika hinna helztu hluta í vélum og kötlum.
8. Í vélateikningu: Að geta gert vinnuteikningar af ákveðnum vélahluta.
9. Í hjúkrunarfræði: Þekking á grundvallaratriðum og reglum um hjúkrun sjúkra, fyrstu hjálp, sem hægt er að veita, þegar slys ber að höndum, hreinlæti og á að notfæra sér hina lögskipuðu lækningabók og meðalakistu.
10. Í bókhaldi og viðskiptafræði: Þau atriði, er vélstjóra skiptir og staða þeirra heimtar.

25. gr.

Til 1. bekkjar prófs í rafmagnsdeild þarf:

1. Í islenzku: Að geta gert léttan stíl um almennt efni skýrt og nokkurn veginn rétt.
2. Í dönsku: Að geta lesið og þýtt léttan kafla úr danskri bók rafmagnsfræðilegs efnis.
3. Í stærðfræði: Þekking á hinum fjórum algengu reikningsaðferðum með heilum tölum, brotum og tugabrotum, bæði með tölum og bókstöfum, á þriliðu og líkingum af 1. gráðu með einni óþekkttri stærð, enn fremur á almennri flatarmálsfræði og rúmmálsfræði og á grundvallaratriðum þríhyrningafræðinnar.
4. Í eðlisfræði: Þekking á almennri aflfræði, hljóðfræði, ljósfræði, hitafræði, rafmagni og segulmagni.
5. Í vélfræði: Þekking á frumatriðum vélfræðinnar, ýmsum algengum aflvélum, sem notaðar eru til þess að knýja rafala, smíði þeirra og efni.
6. Í vélateikningu: Að geta teiknað vinnuteikningu af einföldum vélahluta.

Til burtfararprófs úr rafmagnsdeild þarf:

Í rafmagnsfræði: Þekking á grundvallaratriðum rafmagnsfræðinnar, um rakstraum og riðstraum, rakstraums- og riðstraumsvélar, spennubreytum, vinnuháttum og gerð rafmagnsvéla og spennubreyta, uppsetningu, hirðu og viðhaldi rafmagnsvéla og raftækja. Enn fremur kunnátta í allskonar raflögnum, þekking á að finna algengar bilanir rafmagnstækja og rafmagnslagna og þekking á orsökum þeirra, kunna að átta sig á tengimyndum, kunna að deyfa útvarpstruflanir rafmagnstækja og véla. Þeir skulu og þekkja lög og reglugerðir um allt, er að þessu lýtur; ennfremur skulu þeir vita um lífshættu þá, er stafað getur af rafmagni, og kunna að gera einfaldar endurlífgunartilraunir.

Auk þess útheimtist í öðrum greinum það, sem nauðsynlegt er til fulls skilnings á rafmagnsfræðinni.

Við prófin skulu gefnar einkunnirnar frá 0 til 8 með þriðjungs millibili.

Verði prófdómendur eigi ásáttir um, hverja einkunn skuli gefa fyrir frammi-stöðu í einhverri grein, skal sú einkunn gefin, sem að tölugildi er næst meðaltalinu af tölugildum einkunna þeirra, er gefnar hafa verið.

Sé þetta meðaltal mitt á milli tveggja ofangreindra tölugilda, skal gefin sú einkunn, sem er næst fyrir ofan.

Ágætiseinkunn telst meðaleinkunnin	7—8
1. einkunn telst meðaleinkunnin	6—7
2. einkunn betri telst meðaleinkunnin	5—6
2. einkunn lakari telst meðaleinkunnin	4—5
Lægsta meðaleinkunn, sem þarf til þess að standast próf, er meðaleinkunnin	4

Við hið minna vélstjórapróf skulu gefnar 10 einkunnir:

Í vélfræði	4 eink.	fyrir 2 skriflegar	og 2 munnlegar úrlausnir
- íslenzku	2	— — 1 skriflega	— 1 munnlega úrlausn
- reikningi	2	— — 1 —	— 1 — —
- eðlisfræði	1	— — 1 munnlega úrlausn	
- mótörfræði	1	— — 1 —	—

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 80 stig, en lægsta aðaleinkunn, sem þarf til þess að standast prófið, er 40 stig.

Við hið meira vélstjórapróf skulu gefnar 26 einkunnir.

a. Í aukagreinum:

Í íslenzku	2 eink.	fyrir 1 skriflega og 1 munnlega úrlausn
- dönsku	1	— — 1 munnlega úrlausn

Í ensku 1 eink. fyrir 1 munnlega úrlausn

– þýzku 1 — — 1 — —

– stærðfræði 4 — — 2 skriflegar og 2 munnlegar úrlausnir

– eðlisfræði 2 — — 1 skriflega og 1 munnlega úrlausn

– hjúkrunarfr. .. 1 — — 1 munnlega úrlausn

– bókhalði og viðskiptafr. 1 eink. fyrir 1 skriflega úrlausn

b. Vélfræði:

Í eimvélafræði 5 eink. fyrir 2 skrifl. og 3 munnl. úrlausnir

– mótórfræði 5 — — 2 — — 3 — —

– burðarþolsfræði 2 — — 1 — — 1 — —

– vélateikningu 1 — — 1 — — úrlausn

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 208 stig, en til þess að standast prófið þarf:

a. í íslenzku meðaleinkunnina 3,

b. – aukagreinum meðaleinkunnina 3,

c. – vélfræði meðaleinkunnina 3,

d. – samanlögðum öllum prófgreinum meðaleinkunnina 4.

Lægsta aðaleinkunnin verður þannig 104 stig.

31. gr.

Við bekkjarpróf í rafmagnsdeild skulu gefnar 14 einkunnir.

Í stærðfræði 4 einkunnir fyrir 2 skriflegar og 2 munnlegar úrlausnir.

– eðlisfræði 2 eink. fyrir 1 skriflega og 1 munnlega úrlausn.

– vélateikningu 1 einkunn.

– íslenzku 2 einkunnir fyrir 1 skriflega og 1 munnlega úrlausn.

– dönsku 1 einkunn fyrir 1 munnlega úrlausn.

– þýzku 1 einkunn fyrir 1 munnlega úrlausn.

– bókhalði og viðskiptafræði 1 einkunn fyrir 1 skriflega úrlausn.

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 112 stig, en til þess að standast prófið þarf í aðaleinkunn 56 stig og í íslenzku meðaleinkunnina 3.

32. gr.

Við burtfararpróf fyrir rafvirkja og vélstjóra úr rafmagnsdeild skulu gefnar 14 einkunnir.

Í rafmagnsfræði 8 einkunnir fyrir 3 skriflegar, 3 munnlegar og 2 verklegar úrlausnir.

Í efnis- og áhaldafræði 1 einkunn fyrir 1 munnl. úrlausn.

– ljósfræði 1 einkunn fyrir 1 skriflega úrlausn.

– reglum öryggis og hjúkrunarfræði 1 einkunn fyrir 1 munnlega úrlausn.

– vélfræði 1 einkunn fyrir 1 munnlega úrlausn.

– rafmagnsteikningu 1 einkunn.

– þýzku 1 einkunn fyrir 1 munnlega úrlausn.

Hæsta aðaleinkunn verður þannig 112 stig, en til þess að standast prófið þarf í aðaleinkunn 56 stig.

103

33. gr.

29. sept.

Hver prófsveinn, sem staðizt hefir burtfararpróf, fær að því afloknu vottorð, sniðið eftir þessum fyrirmyndum, eftir því sem við á.

A) Nr.

(Ríkisskjalдарmerki)

Prófskírteini.

N. N.

fæddur

hefir staðizt hið minna vélstjórpróf við vélaskólann í Reykjavík og hlotið þær einkunnir, sem hér segir:

Íslenzka	2 eink.	stig
Stærðfræði	2 —	—
Eðlisfræði	1 —	—
Vélfræði	4 —	—
Mótorfræði	1 —	—

Aðaleinkunn 10 eink. stig

sem verður meðaleinkunnin

og hefir hann því staðizt prófið með einkunn.

Reykjavík, 19....

N. N.

N. N.

N. N.

Til þess að standast prófið þarf 40 stig. Hæsta aðaleinkunn er 80 stig.

B) Nr.

(Ríkisskjalдарmerki)

Prófskírteini.

N. N.

fæddur

hefir staðizt hið meira vélstjórpróf við vélaskólann í Reykjavík og hlotið þær einkunnir, sem hér segir:

Aukagreinir:

Íslenzka	2 eink.	stig
Danska	1 —	—
Enska	1 —	—
Þýzka	1 —	—
Stærðfræði	4 —	—
Eðlisfræði	2 —	—
Bókhalð og viðskiptafræði	1 —	—
Hjúkrunarfræði	1 —	—

Vélfræðin:

Eimvélafræði	5 eink.	stig
Mótorfræði	5 —	—
Burðarþolsfræði	2 —	—
Vélteikning	1 —	—

Aðaleinkunn 26 eink. stig

sem verður meðaleinkunnin

og hefir hann því staðizt prófið með einkunn.

Reykjavík, 19....

N. N.

N. N.

N. N.

Til þess að standast prófið þarf:

Í íslenzku minnst	6
— aukagreinum minnst	39
— vélfræði minnst	39
— aðaleinkunn minnst	104

Hæsta einkunn:

Í íslenzku	16
— aukagreinum	104
— vélfræði	104
— aðaleinkunn	208

(Á prófskírteinið skal prentuð þýðing af því á dönsku, ensku og þýzku.)

C) Nr.

(Ríkisskjaldarmerki)

Prófskírteini.

N. N.

fæddur

hefir staðizt burtfararpróf fyrir rafvirkja úr rafmagnsdeild vélskólans í Reykjavík og hlotið þær einkunnir, sem hér segir:

Við bekkjarpróf:

Stærðfræði	4 eink.	stig
Eðlisfræði	2 —	—
Vélfræði	2 —	—
Vélteikning	1 —	—
Íslenzka	2 —	—
Danska	1 —	—
Þýzka	1 —	—
Bókhald og viðskiptafræði	1 —	—

Aðaleinkunn 14 eink. stig

103

29. sept.

Við burtfararpróf:

Munnleg rafmagnsfræði	3 eink.	stig
Skrifleg rafmagnsfræði	3 —	—
Verkleg rafmagnsfræði	2 —	—
Efnis- og áhaldafræði	1 —	—
Ljósfræði	1 —	—
Reglur öryggis- og hjúkrunarfræði	1 —	—
Vélfræði	1 —	—
Rafmagnsteikning	1 —	—
Þýzka	1 —	—

Aðaleinkunn 14 eink. stig,

sem verður meðaleinkunnin

og hefir hann þá staðigt prófið með einkunn. stig.

Reykjavík, 19....

N. N.

N. N.

N. N.

Til þess að standast prófið þarf í islenzku minnst 6 stig og í aðaleinkunn minnst 112 stig. Hæsta einkunn 224 stig.

D) Nr.

(Ríkisskjalдарmerki)

Prófskírteini.

N. N.

fæddur

hefir staðigt rafmagnspróf fyrir vélstjóra við rafmagnsdeild vélskólans í Reykjavík og hlotið þær einkunnir, sem hér segir:

Munnleg rafmagnsfræði	3 eink.	stig
Skrifleg rafmagnsfræði	3 —	—
Verkleg rafmagnsfræði	2 —	—
Efnis- og áhaldafræði	1 —	—
Ljósfræði	1 —	—
Reglur öryggis- og hjúkrunarfræði	1 —	—
Vélfræði	1 —	—
Rafmagnsteikning	1 —	—
Þýzka	1 —	—

Aðaleinkunn 14 eink. stig

sem verður meðaleinkunnin

og hefir hann því staðigt prófið með einkunn

Reykjavík, 19....

N. N.

N. N.

N. N.

Til þess að standast prófið, þarf 56 stig. Hæsta aðaleinkunn er 112 stig.

34. gr.

103

Reglugerð fyrir vélstjóráskólann í Reykjavík, dags. 1. sept. 1916, reglugerð um viðauka við reglugerð fyrir vélstjóráskólann í Reykjavík, dags. 29. sept. 1933, og reglugerð fyrir rafmagnsdeild vélstjóráskólans í Reykjavík, dags. 30. sept. 1935, eru hér með úr gildi numdar.

Reglugerð þessi öðlast gildi þegar í stað.

Þetta birtist öllum þeim, er hlut eiga að máli, til leiðbeiningar.

Í kennslumálaráðuneytinu, 29. september 1936.

Haraldur Guðmundsson.

Gústav A. Jónasson.

REGLUGERÐ

104

um mótornámsskeið.

29. sept.

Samkvæmt 18. gr. laga nr. 71, 23. júní 1936, er hér með sett eftirfarandi reglugerð um mótornámsskeið Fiskifélags Íslands.

I. KAFLI**Um inntökuskilyrði, kennslu o. fl.**

1. gr.

Markmið námsskeiðanna er að búa nemendur undir hið minna og meira mótórvélstjórpróf Fiskifélags Íslands. Fiskifélag Íslands ræður mótórfræðikennara til þess að kenna mótórfræði við námsskeiðið og veita því forstöðu.

2. gr.

1. Inntökuskilyrði á hið minna námsskeið skulu vera þessi:

- a. Að nemandinn sé 18 ára að aldri,
- b. að hann sé ekki haldinn næmum sjúkdómi eða hafi líkamsgalla, sem orðið geti honum til tálmunar við starf hans,
- c. að hann hafi óskert mannorð,
- d. að hann kunni sund.

2. Inntökuskilyrði á hið meira námsskeið skulu vera þessi:

- a. Að nemandinn hafi staðizt hið minna námsskeiðspróf Fiskifélagsins eða inntökupróf í íslenzku og reikningi, sem jafngildi kröfum þeim, sem gerðar eru til hins minna námsskeiðsprófs í þessum greinum,
- b. að hann hafi eftir 16 ára aldur unnið tvö ár á vélaverkstæði, sem réttindi